



Skólaráðsfundur Vogaskóla 9. mars 2021

Mættir: Edda, Þráinn (fulltrúar foreldra), Hulda, Rannveig (fulltrúar kennara), Sædís (fulltrúi úr grenndarsamfélagi), Iðunn, Grímur (fulltrúar nemenda) og Snædís (skólastjóri)

Dagskrá

Íslenskuver í Vogaskóla

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla – og frístundasviðs er gestur fundarins og svarar spurningum um væntanlegt íslenskuver í Vogaskóla.

Snædís hefur fund og minnst á húsnæðismál skólans.

Helgi minntist á samræmdu prófin. Endanleg niðurstaða ekki komin á framkvæmdina eftir klúður. Fundur með hagsmunaaðilum á morgun.

Helgi með formála um íslenskuver. Fer yfir söguna. Útskýrir hugmyndina og útfærsluna.

Sædís spyr um blöndun í frímínútum og hvernig staðið verði að upplýsingagjöf til nemendanna. Helgi segir alla útfærslu enn í mótun og að tekið verði á þessum hlutum þegar starfið fer af stað. Enn er eftir að samstillta ýmislegt og ráða kennara í störf.

Edda spyr um kosti íslenskuvers fram yfir auka stuðning í heimaskóla barnsins. Með íslenskuveri næst meiri stöðugleiki varðandi fjölda ofl. Á að gefa aukna innspýtingu í upphafi.

Hulda spyr um námsefni. 1000 orða bókin er í vinnslu, grunnorðaforði. Helgi lýsir því nánar.

Íslenskuver í Vogaskóla á að þjóna Laugardals- og Háaleitishverfi. Gert ráð fyrir 10-20 börnum í verinu frá 3. bekk og upp úr.

Á eftir að stilla saman kerfi varðandi ráðningar ofl.

Hulda spyr um samvinnu varðandi nemendur sem eru hér fyrir. Væntanlega geta sérfræðingarnir í íslenskuverinu miðlað upplýsingum.

Þráinn spyr um Birtu. Fjölbættari vandi þar.

Rætt um nýtingu húsnæðis sbr. íþróttaaðstöðu, útfærslan liggur ekki alveg fyrir.

Helgi ítrekar að verkefnið sé tilraunaverkefni.

Sædís hælir Birtu. Mjög góðar og gagnlegar upplýsingar sem skila sér með nemendum þaðan.

Iðunn og Grímur minnast á nauðsyn þess að kynna verkefnið vel fyrir nemendum.

Helgi vill skýrt svar við „verkefninu“.

Einróma samþykkt að styðja verkefnið.

Umræða um skólalóð.

Umræða um samræmdu prófin.

Fundi slitið 18:40

Fundarritari Rannveig Möller